

## Minnisblað

Lagt fyrir Fjölskylduráð 12. apríl 2019

**Efni: Erindi NPA miðstöðvarinnar dagsett 29. mars 2019**

Með erindi dagsettu 29. mars s.l. skorar NPA miðstöðin á sveitarfélög að fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 1250/2018 um framkvæmd notendastýrðar persónulegrar aðstoðar.

Þess er krafist að að framlag til launakostnaðar taki mið af ákvæðum kjarasamninga NPA aðstoðarfólks. Þann 3. október 2018 barst bréf frá NPA miðstöðinni þar sem þess var farið á leit við Hafnarfjarðarbæ að bærinn endurskoði útreikninga sína á jafnaðartaxta NPA samninga til samræmis við ákvæði kjarasamninga. Þess var óskað að jafnaðartaxtinn nemi 4.117,38 kr. og breytingin taki þegar gildi.

Erindið var tekið fyrir á tveimur fundum Fjölskylduráðs og á fundi ráðsins þann 7. des. s.l. var lagt til að hækka jafnaðartaxtann í samræmi við ósk NPA miðstöðvarinnar þ.e.a.s. í 4.117.- kr. Hækkunin tók gildi 1. janúar 2019.

Í umræddu erindi er þess krafist að sveitarfélög uppfæri og aðlagi framlag sitt og jafnaðartaxti verði að lágmarki 4151,63 kr. og 4.559,32 kr. á þeim samningum þar sem þörf er á vakandi næturvöktum. Hér er óskað hækkunar sem nauðsynlegt er að farið sé vel yfir og m.a. sé horft til fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Þess er krafist að framlög til NPA samninga verði greidd fyrirfram í upphafi hvers mánaðar. Ákvörðun hefur verið tekin hjá Hafnarfjarðarbæ þess efnis að greiða framlögin fyrirfram og er verið að koma því fyrirkomulagi í framkvæmd.

Í erindinu er krafist viðbótarframlaga vegna aðstoðarverkstjórnanda, viðbótarframlaga vegna langtímaveikinda og viðbótarframlaga vegna námskeiða aðstoðarfólks. Mikilvægt er að sveitarfélögin komi sér upp samræmdu verklagi vegna þessara þátta en hér er um að ræða atriði sem nauðsynlegt er að fái umræðu. Von er á handbók félagsmálaráðuneytisins um NPA og jafnframt eru sveitarfélögin að móta sínar reglur.

Að lokum er tekið undir óskir NPA miðstöðvarinnar um gott samstarf. Hafnarfjarðarkaupstaður hefur lagt sig fram um að þróa og innleiða NPA þjónustu fyrir sína íbúa og mun svo verða áfram.

Hafnarfjörður 11. apríl 2019

Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/frn/nr/21371>



**HAFNARFJÖRÐUR**